



Teikning Sigfúsar Halldórssonar af Vélsmiðjunni Héðni og athafnasvæði hennar. Fyrsta smiðjan var í húsinu með háa strompinum — það er við Aðalstræti á sama stað og Morgunblaðshúsið stendur nú. Á horni Aðalstrætis og Austurstrætis gnæfir Hótel Ísland. Þau Markús og Kristín bjuggu á hæðinni yfir smiðjunni, en húsið til vinstri var fyrsta eld-smiðjan. Nýja húsið til hægri var rennismiðja.

Í febrúar árið 1944 stóð Félag íslenzkra myndlistarmanna fyrir sýningu á úrvalsverkum eftir íslenzka listmálara og myndhöggvara. Sýning þessi var haldin í heiðursskyni við minningu mikils listvinar og öll voru verkin, 156 að tölu, úr einkasafni hans. Á sýningunni mátti sjá verk manna, sem um ókomna framtíð munu skipa veglegan sess í íslenzkri myndlistarsögu. Má þar t.d. nefna Ásgrím Jónsson, Ásmund Sveinsson, Barböru Árnason, Brynjólf Þórðarson, Einar Jónsson, Eyjólf J. Eyfells, Finn Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Guðmund Thorsteinsson, Gunnlaug Scheving, Jóhannes S. Kjarval, Jón Engilberts, Jón Stefánsson, Snorra Arinbjarnar, Þórarin B. Þorláksson, Þorvald Skúlason og margra fleiri. Geta menn af upptalingu þessari getið sér til um, hvílík gullnáma kom hér í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir.

En hver var hann maðurinn, sem á þeim tíma, þegar málverkasöfnun var óþekkt á Íslandi, hafði safnað málverkum og öðrum listmunum í nær 20 ár? Hvað gerir hann svo sérstakan í hugum samferðamanna hans að nú, nær fjörutíu árum eftir andlát hans er hann þeim enn í fersku minni?

Hann hét Markús Ívarsson og var vélsmiðjueigandi í Reykjavík. Um ævistarf hans og sérkenni mátti rita langt mál. Þer allar frásögur um hann að einum og sama brunni: Að hann hafi verið litríkur persónuleiki og eftirminnilegur og efniviður hans margbrotnari en venjulegra manna. Að hann hafi verið hugsjónaríkur athafnamaður, hamhleypa til vinnu og einstakur mannvinnur, sem ekkert aumt mátti sjá. Í framkomu og dagfari var hann hispurslaus og hreinskilinn. Kom í orðsins fyllstu merkingu ætíð til dyranna eins og hann var

# Víkingur til starfa – og fágætur menningarmaður

## Um Markús Ívarsson í Héðni

sem var orðlagður smiður og snarráður eftir því — en verður kannski lengst minnzt vegna brennandi áhuga á íslenzkri myndlist, stuðning við févana listamenn og listaverkasöfnun, sem þá var einstæð.

Kristín Sveinsdóttir tók saman.

klæddur. Telja má hann fyrsta safnara íslenzkra listaverka. Mun hjálpssemi hans við fépurfa listamenn hafa ráðið þar mestu um í upphafi. En smátt og smátt jókst ást hans á listum og listrænni feðurð í öllum myndum og þeir sem gerzt þekktu fullyrða, að á þeim árum hafi hann verið einn af bestu listkunnáttumönnum hér á landi á meðal leikmanna.

### Uppvaxtar- og námsár

Hann hét fullu nafni Markús Kristinn Ívarsson og var fæddur hinn 8. september 1884 í Vorsabæjarhjáleigu í Gaulverjabæjarhreppi. Foreldrar hans voru hjónin Kristín Magnúsdóttir Guðmundssonar, bónda í Traustholtshólma í Þjórsá og Ívar Guðmundsson Gestssonar, bónda í Vorsabæ.

Ívar, faðir Markúsar, lézt sumarið 1885 frá konu og sex börnum.

Markús þekkti því aldrei föður sinn, en var alinn upp hjá móður sinni, Kristínu, og föstra, Stefáni Guðmundssyni, bróður Ívars. Kristín, móðir hans var síðari kona Ívars. Með fyrri konu sinni, Margréti, hafði hann átt þrjár dætur, Guðrúnu, Helgu og Ingunni, en synir hans og Kristínar voru Guðmundur, Magnús, Ívar og Markús. Auk barna sinna og stjúpbarna fósraði Kristín

Magnúsdóttir mörg önnur börn um lengri eða skemmri tíma.

Kristín Magnúsdóttir var væn kona. Hún var forkur dugleg en jafnframt mild og hlý og þekkt fyrir gjafmildi sína og hjálpssemi. Þeir, sem enn muna hana segja, að hún hafi verið óvenju fljóthuga og fljótmælt með afbrigðum. Eftir ljósmyndum að dæma hefur Markús, sonur hennar, líkst henni mjög.

Stefán, fóstri Markúsar, var dugmikill og útsjónarsamur bóndi. Hann þótti vinnu- harður nokkuð og haft var á orði í hálfkær- ingi, að betra væri að vera hestur en maður á þeim bæ. Stefán stundaði sjó á vetrum eins og þeirra tíma var siður. Mun heimili